

NÁMSGREIN: SAMFÉLAGSFRÆÐI

KENNSLUYFIRLIT – 6.BEKKUR

Kennsluhættir: Fjórar kennslustundir í viku frá ágúst til júní. Nemendur lesa ákveðið námsefni í tímum.

Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, einstaklingsvinnu og hópavinnu.

Námsþættir: Norðurlöndin, Islam, Snorra saga, Hindúatrú, trúarbragðavefurinn, Lífsleikni, vinnubók í lífsleikni, Bekkjarfundir.

Námsmat: Verður byggt á verkefnaskilum, heimanámsskilum og virkni í tímum. Einnig verða lagðar fyrir kannanir.

Námsgögn: Norðurlönd- lesbók og vinnubók. Kortabók. Myndbönd. Snorra saga lesbók. Islam, lesbók og trúarbragðavefurinn. Hindúatrú lesbók og trúarbragðavefurinn.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Lota 1.	Norðurlönd	Innlögn Samlestur/ hlustun Paravinna/Hópavinna Orðskýringar	Geta útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina. Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar. Geta gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum. Geta notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort. Geta skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.	Kannanir, virkni í tímum, verkefnaskil og leiðsagnarnám.	Norðurlönd, áttir, tímabelti, kort, landshættir, landmótun, loftslag, golfstraumur, umhverfi, auðlindir, orka, lífsskilyrði, menning, trúarlíf, stjórnarfar, samstarf, hagsmunir, land.
Lota 2.	Islam	Innlögn Samlestur/ hlustun Paravinna/Hópavinna Orðskýringar	Geta borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks. Geta rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. Geta gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.	Kannanir, virkni í tímum, verkefnaskil og leiðsagnarnám.	Islam, múslimar, samfélag, átrúnaður, Kóraninn, Guð, helgidagar, helgistaður, trúarbragð, greftunarsíðir, arfleið.

			Geta gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum.		
Lota 3.	Snorra saga	Innlögn Samlestur/ hlustun Paravinna/Hópavinna Orðskýringar	Geta tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. Geta gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu. Geta útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum. Geta fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.	Kannanir, virkni í tímum, verkefnaskil og leiðsagnarnám.	Ljós móðir, stórhöfðingi, goð, fósturbarn, fóstra, handrit, kvænast, lögsögumaður, skáldskapur, deila, eigi skal höggva.
Lota 4.	Hindúatrú	Innlögn Samlestur/ hlustun Paravinna/Hópavinna Orðskýringar	Geta borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks. Geta rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. Geta gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims. Geta gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum.	Kannanir, virkni í tímum, verkefnaskil og leiðsagnarnám.	Lífssýn, vedabækur, stéttakerfi, upanishandritin, ljóð, gyðjur, ganesha, rama, endurholdgun, frelsi, nafngift.
Kennt í lotum	Bekkjarfundir	Hópeflisleikir, spjall hringur, hópverkefni.	Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt. Geta lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	Virgni í tímum og leiðsagnarnám.	Virðing, samvinna, hópefli, leikir, umræða.
Kennt í lotum	Lífsleikni	Hópeflisleikir, spjall hringur, hópverkefni.	Geta lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra. Geta rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir. Geta beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans.	Virgni í tímum og leiðsagnarnám.	Mörk, reglur, umræða, samvinna.